

2. stjórnarfundur ársins 2018 haldinn í Logalandi 6. febr.

Mættir: Sólrún, Kristín, Anna Dís, Guðrún, Sigríður, Sigurður og Pálmi.

* 1,2,3, Sambandsstj. setur fund, leggur fram fundargerðir og býður nýjan framkvæmdastj velkominn til starfa.

Sólrún setur fund og býður nýjan framkvæmdastjóra Sigurð Guðmundsson velkominn.

Fundargerðir frá 20. des 22.des og 2. jan samþykktar og undirritaðar.

* Sigurður segir frá þeim verkefnum sem hann er að koma sér inn í.

Pálmi skilar Sigurði gögnum v. des og fl.

Ný /notuð uppþvottavél hefur verið keypt í þjónustumiðstöðina og Sigurður er búinn að tengja.

* 4 . Kynning á stefnumótun í íþrótt og tómstundastarfi BB.

2 fundir hafa verið haldnir um þetta og búið að boða íbúafund um stefnuna og tómstundir. Verið að skoða upplýsingaflæðið milli skóla og tómstundafulltrúa. Reyna þyrfti að búa út eyðublað sem foreldrar þyrftu að samþykkja til að auka flæðið milli foreldra og barna sem eiga við einhverjar hamlanir, þannig að þjálfarar viti betur hverjar þarfirnar eru.

5. Tómstundafulltrúi segir frá sínum verkefnum.

(S. G. segir frá í forföllum Siggú Dóru)

Hún telur sig vera sátta en kannske væri betra að vera í 20 % starfi hjá BB. til að samskipti þar á milli séu veikari.

Framkv. stjóri hefur áhuga á að fara ferðir um dreyfbýlið með tómstundafulltrúa og kynna enn betur starfið í skólunum og líka hvaða möguleikar eru á viðkomandi stöðum.

Í Borgarnesi er vilji fyrir hálfu starfi knattspyrnuþjálfara og vilji fyrir að kanna hvort hann geti þjálfað víðar t.d. á Varmalandi til að auka starfshlutfallið.

Í tómstundaskólann vantar listasmíðjur og fólk til að sinna þeim.

6. Sambandsþing 2018

Athuga hvort Umf. Íslendingur getur tekið að sér að halda sambandsþing UMSB 7. mars n.k.

* Framkvæmdastjóri athugar það.

Allir gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu nema Solla og Sigga er jafnvel til sambandsstjórnann. Þá vantar varamenn og einn í stjórnina.

7. Önnur mál.

Tómstundastyrkur er illa nýttur hjá BB og þá vaknar spurningin, er hægt að kynna þetta betur ?

Getum við fengið frátekna fjármuni til að kynna starfið betur ?

Allskonar útfærslur á skráningum ræddar.

Þarf kannske einhverskonar hvatningarkerfi.

Spurningu varpað fram um hvernig samningar eru um þjónustuhúsið og hver sér um hvað.

***Daglegur rekstur er á framfæri UMSB,**

Önnur spurning kom um hvort UMSB ætti enn gömlu skrifstofuna og svo er en Margrét Ástrós leigir og þá var velt upp hvort leigan þyrfti að hækka þar.

***Gjaldkeri skoðar það.**

Stjórnin hefur komið einu sinni saman á skrifstofunni og tekið til hendinni við tiltekt en betur má ef duga skal.

Myndir í eigu sambandsins eru ótalmargar bæði í lausu sem og í albúmunum, þær þarf að fara yfir og merkja og bera kennsl á fólk, staði og tilefni.

***Stína tekur að sér að reyna að koma því verkefni af stað að fá eldri borgara félögin á svæðinu til að skoða og merkja..**

Sigurður veltir fyrir sér hvort UMSB þurfi eitthvað að senda eitthvað út frá sér vegna metoo ?

Við gerum kröfum um sakavottorð hjá þjálfurum en þurfum við ekki teymi sem getur gripið inn í t.d. fá heilbrigðisstarfsmann og fl fagfólk í það.

Það væri mál sem hægt væri að setja á heimasíðuna okkar og væri öllum aðgengilegt.

Getum við sótt um einhverja styrki til UMFÍ ? Hugsum eitthvað upp fyrir næsta fund.

Eitthvað er um ósótta styrki frá félögunum.

hvað viljum við fá mikið af fundarboðum til stjórnarmanna ?

Hugmynd kom upp um að seinka sambandsþinginu til 14. mars og var það talið heppilegra. .

Íþróttauppskeruhátíðin - hvað getum við gert til að fá fleira fólk til að koma og gleðjast með okkur og þessu frábæra fólki ?

Spurning um nánari kynningu og auglýsingu. Kannske væri gott að fá 2 -3 til að halda utanum pakkann.

Næsti fundur verður 20. febr í Borgarnesi.

Kristín Gunnars. ritaði eftir bestu getu.